

Umsögn Öldu um Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá  
Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum (kosningaaldur). Þingskjal 189  
— 188. mál

Reykjavík, 22. mars 2021

Rétt er að vekja athygli á að einnig liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum um sambærilega lækkun kosningaaldur í kosningum til sveitarstjórna og eiga þau rök og sú afstaða sem hér kemur fram einnig við um það frumvarp.

Alda hefur áður lýst yfir stuðningi við það markmið að lækka kosningaaldur niður í 16 ár í umsögn um sambærilegt frumvarp árið 2018. Þar bendir félagið á að kröfur um þekkingu og færni til að kjósa eigi að vera lágmarkskröfur og í því ljósi telur félagið að 16 ára einstaklingar uppfylli að jafnaði slíkar lágmarkskröfur líkt og 18 ára. Þá skulum við einnig hafa í huga að menntakerfið getur aukið fræðslu um lýðræði og samfélagsmál. Ennfremur bendir félagið á að tiltekin þekking og færni getur ekki verið grundvöllur kosningaréttar, enda á hugmyndin um almennan kosningarétt sér rætur í lýðræðis- og mannréttindahugsjónum.

Ekki er langt síðan haldið var upp á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi, en þá fengu konur og vinnumenn kosningarétt til Alþingis. Þá þótti við hæfi að miða við 40 ára aldur og eldri og aldurstakmarkið átti svo að lækka um eitt ár á ári þar til 25 ára aldurstakmarkinu yrði náð. En þessi sjónarmið þykja ef til vill heldur ankannaleg nútildags.

Kosningarétturinn er ekki síst mikilvægur vegna þess að hann er það tæki sem gefur hópum og einstaklingum í samfélaginu rödd og möguleika til að koma sjónarmiðum og hagsmunum sínum til leiðar. Útvíkkun kosningaréttarins hefur síðustu áratugi leikið mikilvægt hlutverk í að auka jafnrétti og tryggja réttindi minnihlutahópa.

Það er full ástæða til þess að lækka kosningaaldurinn niður í 16 ár, ekki aðeins vegna þess að ætlast til þess að 16 ára einstaklingar greiði skatta og skyldur og skili framtali heldur vegna þess að fjöldi þeirra fylgist með og vill hafa áhrif. Það eru ekki endilega sömu málefni sem brenna á þessum hópi og þeim sem eldri eru. Þeir sem hafa fylgst með umræðunni um loftslagsmál og loftslagsmótmælunum svonefndu þurfa ekki að velkjast í vafa um fjöldi þeirra mun nýta kosningaréttinn. En jafnvel þó einhver hluti þeirra ungmenna sem fá kosningarétt við þessa breytingu muni ekki nýta hann eru það ekki haldbær rök gegn því að þau hafi þennan rétt, enda mætti þá segja það sama um alla aldurshópa.

Að framasögðu hvetur stjórn Öldu til þess að Alþingi samþykki að lækka kosningaaldurinn í 16 ár.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,  
Sævar Finnbogason, stjórnarmaður